

25. júní 1992

SAMÞYKKT
um búfjárhald í Eyrarsveit

1.gr.

Í Eyrarsveit er búfjárhald óheimilt utan lögbýla. Hreppsnefnd getur þó veitt leyfi til búfjárhalds gegn þeim skilyrðum sem um getur í samþykkt þessari. Umsókn um leyfi til búfjárhalds skal senda til hreppsnefndar ásamt yfirlýsingu um að að búfjárhaldið sé að öllu leyti á ábyrgð umsækjanda.

2.gr.

Lausaganga hrossa og nautgripa er bönnuð í Eyrarsveit. Einnig er öll lausaganga búfjár, hverju nafni sem nefnist, bönnuð innan girðingar umhverfis Grundarfjarðarkaupstað.

3.gr.

Öll gripahús skulu byggð úr þannig efni að auðvelt sé að halda þeim snyrtilegum og að búfénu líð vel í þeim. Húsum skal haldið vel við, þau máluð að utan og haldið hreinum. Tað og annar úrgangur frá búfénu skal fjarlægja.

4.gr.

Hreppsnefnd skal veita leyfi til búfjárhalds hverjum þeim sem ekki hefur gerst brotlegur við meðferð búfjár. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t.d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, skal afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun.

5.gr.

Búfjárefartilritsmaður hreppsins annast eftirlit með búfjárhaldi og skal hann leiðbeina og áminna, eftir atvikum, þá búfjáreigendur sem gerast brotlegir við framangreindar reglur. Lausagöngufénað skal handsama og skrá. Skyllt er eigendum að sækja gripi sína og greiða áfallinn kostnað og tjón, þar sem talinn kostnað við handsömun gripanna.

6. gr

Hreppsnefnd skal sjá um að búfjárhald girðing sé umhverfis þéttbýli í hreppnum og skipuleggja landsvæði fyrir búfjárhald.

7.gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

8. gr.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Eyrarsveitar, staðfestist hér með samkvæmt [lögum nr. 46 25. mars 1991](#), til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um búfjárhald í Grundarfirði nr. 260 22. júní 1977.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. júní 1992

Halldór Blöndal
Jón Höskuldsson